

**Mættir:**

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofur) - formaður

Pórhildur Ósk Ólafsdóttir (Laut)

Daníel Júlíusson (grunnskólinn)

Halldóra Halldórsdóttir (grunnskólinn)

Sigríður Hammer (Laut)

Sigurður Rúnar Karlsson (þjónustumiðstöð)

Ásmundur Jónsson (slökkvilið)

**1. Ábending um aðgengismál í Grunnskólanum við Ásabraut**

Nefndinni barst ábending um alvarlegan ágalla vegna aðgengismála á 2. hæð grunnskóla Grindavíkur þar sem skólinn og Tónlistarskólinn eru tengdir saman. Hurðin þar er oftast læst og fáir aðilar með lykla að henni. Á dögum gerðist það að sjúkraflutningamenn þurftu að fara þar í gegn en til allrar hamingju var aðili í grenndinni með lykil.

Jafnvel þó svo að hurðin væri ekki alla jafna læst þá er hún of mjó fyrir flesta hjólastóla og annan flutningabúnað fyrir sjúklinga. Skammtímalausn væri að fjölga þeim sem hafa lyklavöld en eina lausnin til framtíðar er að stækka pallinn/ganginn og gera nýja og stærri hurð sem er fyrir utan tónlistarskólann og liggur beint að lyftunni.

Þetta er eina lyftan í húsinu sem hægt er að nota fyrir sjúkraflutninga og því algjört lífspursmál að aðgengi að henni sé í lagi. Þetta er einnig eina ólæsta lyftan í húsinu og því mikilvægt að hafa aðgengi að henni óheft.

Áður hefur verið gerð athugasemd við aðgengismál frá stigahúsi tónlistarskólans yfir í grunnskólann, þegar Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra gerðu úttekt á aðgengismálum á svæðinu. Einnig voru gerðar athugasemdir í hönnunarferli og við byggingu hússins.

**2. Merkingar fyrir hjartastuðtæki**

Formanni falið að kanna verð á veggskiltum til að merkja staðsetningu á hjartastuðtækjum á starfsstöðvum bæjarins.

**3. Kennsla á hjartastuðtæki**

Enn eiga nokkuð margar starfsstöðvar eftir að fá kennslu á hjartastuðtækin. Nefndin hvetur forstöðumenn til að klára það ferli sem allra fyrst.

**4. Vinnuvélaréttindi starfsmanna**

Í ljósi þess að sumarstarfsmenn eru nú að koma til starfa hjá Grindavíkurbæ minnir nefndin á að þeir starfsmenn sem vinna á vinnuvélum eiga að hafa til þess þar til gerð réttindi. Mikilvægt er að allir starfsmenn fái fullnægjandi leiðbeiningar og námskeið áður en þeir hefja störf.

## **5. Nefndarskipan**

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn í ágúst að loknum sumarleyfum. Huga þarf að skipan nefndarinnar og eru áhugasamir starfsmenn hvattir til að bjóða sig fram til starfa. Þá eru yfirmenn hvattir til að huga að því hvort kominn sé tími til að skipa nýja fulltrúa.

***Fleira ekki gert***

***Fundi slitið kl. 15:00***

***Næsti fundur verður haldinn í ágúst***